



Jarðhitafélag Íslands

Fundargerð 125. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 14. september 2015 kl. 15:30 í húsakynnum Samorku

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Claus Ballzus (CB), Egill Júlíusson (EJ), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Steinunn Hauksdóttir (SH) og Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK)

Boðuð forföll:

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:30.

1. Síðasta fundargerð

SNK setti fram síðustu fundargerð, sem var einróma samþykkt.

2. Styrkur JHFÍ

CB kom fram með dagskrábreytingartillögu um að fyrst væri ákveðið hvort taka ætti tillit til umsókna sem bárust eftir að umsóknarfresti lauk og svo ákveðið hver myndi fá styrkinn. Tillagan var samþykkt.

Umræða fór fram og var ákveðið að taka einnig til umfjöllunar umsóknir sem bárust eftir að umsóknarfresti lauk.

Umræða fór fram um allar umsóknir sem bárust og var ánægja meðal stjórnarmanna með gæði umsóknanna. Í nokkrum tilvikum lýstu stjórnarmenn (SNK, EJ, CB, MPJ, KVM) sig vanhæfa við yfirferð ákveðinna umsókna þar sem þeir höfðu tengsl við umsækjendur.

Stjórnin tók ákvörðun um að styrkveitingar væru með fyrirvara um að styrkþegar verði samþykktir á þær ráðstefnur sem þeir hafa sótt um.

Ákveðið var að styrkja í ár, um upphæð 300.000 fyrir hvorn styrk, Elvar Bjarkarsson og Sigrúnu Brá Sverrisdóttur.

Elvari og Sigrúnu er óskað til hamingju og öllum umsækjendum er þakkað kærlega fyrir umsókn sína um styrkinn

3. Haustfundur JHFÍ 2015

Umræða var frestað til næsta fundar og ákveðið að fjallað verði um málið í tölvupóstsamskiptum milli stjórnarmanna

4. Nýjir félagar

Eftirfarandi umsóknir bárust um félagsaðild að JHFÍ:

- Phillip Kiruja
- Ximena Muguruza
- Cari Covell
- Smári Guðfinsson

Ákveðið var að samþykkja félagsaðild nýju félaganna með samþykkt fundargerðar.

5. Önnur mál

a) Félagsgjöld

Fram kom að búið er að rukka félagsgjöld fyrir árið til fyrirtækja, ekki einstaklinga. Umræða fór fram um málið og ákveðið var að senda út rukkun í september árið fyrir 2014 og í nóvember fyrir árið 2015.

Næsti fundur var ákveðinn mánudaginn 19. október kl. 15:30 í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur.

Fundi slitið 16:42.

Sigurjón Norberg Kjærnested, fundarritari

